

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Norðurþing
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

Reykjavík 8. september 2017
UST201708-215/K.S.J.
10.04.00

Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Norðurþings, Röndin á Kópaskeri
Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi fyrir fiskeldi, Röndin á Kópaskeri

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa er barst 31. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Norðurþings og lýsingu deiliskipulags á svæðinu Röndin á Kópaskeri.

Ofangreind breytingartillaga felst í því að svæði sem er norðanmegin við ósa Snartarstaðarlækjar og er skilgreint sem athafnasvæði í nágildandi aðalskipulagi Norðurþings, verði skilgreint sem iðnaðarsvæði sem nýta á fyrir fiskeldi á landi. Einnig kemur fram að svæði fyrir fiskeldi er 4,3 ha. Áætlað er að framleiðslugeta eldisins verði um 2000 t af laxfiskum á ári. Gert er ráð fyrir 16 útikerum sem verða 23 m í þvermál.

Náttúruminjar

Eins og fram kemur í lýsingu er ofangreint tillögunsvæði á svæði nr. 537 á náttúruminjaskrá. Í skránni kemur eftirfarandi fram: „Röndin við Kópasker, Öxarfjarðarhreppi (áður Presthólahr.), N-Þingeyjarsýslu. (1) Sjávarbakkar frá Kópaskeri suður að Snartarstaðarlæk. (2) Jarðmyndun frá lokum ísaldar (Kópaskersskeið), sjávarset með skeljum, jökulruðningur. Minjar um hopunarsögu ísaldarjökulsins.“ Umhverfisstofnun bendir á að verndargildi svæðisins felst þar með í sjávarseti með skeljum í sjávarbakkanum á svæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að tekið sé tillit til ofangreindra jarðmyndana eins og kostur er við allar framkvæmdir. Á mynd 1.3 eru sýnd frumdrög að fyrirkomulagi mannvirkja. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að tekið verði tillit til náttúruminja þegar fyrirkomulag mannvirkja er ákvarðað.

Umhverfisstofnun tekur undir það að göngustígur sem er innan skipulagssvæðisins verði óbreyttur frá því sem nú er, enda er mikilvægt fyrir almenning að komast gangandi meðfram ströndinni eins og kostur er.

Forsendur

Í lýsingu kemur fram að áætlað er að vatnsöflun verði á skipulagssvæðinu og að borað verði

eftir sjó og eru borholur 10 x 16 tommu holur. Einnig kemur fram að miðað verði við að eldisker verði staðsett 5 m neðan stórstreymisfjöruborðs.

Áætluð mannvirki

Áætlað er að reisa þjónustuhús um 200 m², kerjapall á útisvæði um 5,200 m² og svæði til stækkunar kerjapalls á útisvæði um 5,200 m².

Frárennsli og úrgangur

Í lýsingu kemur fram að áætlað er að leiða affall 4 m undir stórstraumsfjöru. Stofnunin bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Einnig bendir stofnunin á að í umfjöllun um frárennsli þarf að koma fram hvernig leysa eigi frárennsli í sjó þar sem mikil hreyfing og brimasamt er fyrir utan áætlað framkvæmdasvæði. Þekkt er að vegna hreyfingar á framburði hafa frárennslisrör á svæðinu verið að stíflast. Í umfjöllun um áhrifaþætti kemur fram að seiði og úrgangur geti borist í viðtaka. Umhverfisstofnun bendir á að koma þarf í veg fyrir að seiði komist í viðtaka og einnig bendir stofnunin á að það þarf að koma fram í skipulagstillögu hver verði hreinsibúnaður á affalli til viðtaka, og einnig bendir stofnunin á mikilvægi þess að hreinsibúnaður virki þegar starfsemi hefst. Stofnunin bendir einnig á að ef áætlað er að affall fari í settjörn þarf að koma fram hvert úrgangur úr settjörn verður losaður. Í umhverfisskýrslu þarf einnig að koma fram vöktunaráætlun fyrir viðtaka.


Umhverfisstofnun bendir á að urðunarstaður á Kópaskeri annar í dag þeim úrgangi á svæðinu sem til fellur, en skv. núverandi stærð mun hann ekki anna úrgangi frá nýju fiskeldi. Því er mikilvægt að fram komi hvar áætlað er að urða úrgang frá hinni nýju fiskeldisstöð því langt er að fara með úrgang á aðra urðunarstaði. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að urðunarstaðurinn á Kópaskeri liggur fyrir ofan áætlað framkvæmdasvæði og er Snartarstaðarlækur viðtaki fyrir leka frá urðunarstaðnum. Lækurinn er vaktaður sem slíkur og það þarf að koma fram í umhverfisskýrslu hvort það hafi áhrif á fiskeldisstöðina.

Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi fyrir fiskeldi á Röndinni á Kópaskeri


Umhverfisstofnun tekur undir það að væntanlegt deiliskipulag muni taka til sömu þátta og væntanleg aðalskipulagsbreyting og að gerð verði ítarlegri grein fyrir ákvæðum einstakra þátta eins og skipulagið gefi tilefni til.

Niðurstaða

Áætlað er að reisa fiskeldisstöð á svæði fyrir sunnan Kópasker og því er tillaga um að breyta skilgreiningu viðkomandi svæðis úr athafnasvæði í iðnaðarsvæði. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að gera ráð fyrir förgun úrgangs, vöktun viðtaka, samgönguleiðum og öllu álagi á umhverfið við áætlun fiskeldis. Einnig er mikilvægt að taka tillit til svæðis á náttúruminjasrá eins og kostur er og raska ekki að óþörfu sjávarseti á svæðinu.


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Sérfræðingur